

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1,
200 Kópavogi
c/o Hafnarnefnd Kópavogshafnar

Kópavogi, 7. október 2022

Erindi:

Virðulega hafnarnefnd, Kópavogshöfn.

Kvikan Siglingafélag, Kópavogshöfn, óskar eftir liðsinni Hafnarnefndar Kópavogshafnar, við að kom upp salernisaðstöðu á hafnarsvæðinu.

Vegna framþróunar á umfangi á hafnarsvæðinu, þéttingu byggðar þar, þá er algjörlega óviðunandi að þeir sem kaupa þjónustu af Kópavogshöfn varðandi báta sína og annað, hafi ekki þann möguleika að komast á salerni á hafnarsvæðinu.

Greinargerð.

Til að leysa úr þessum vanda er einföld lausn, til bráðabirgða, þar sem húsnæði hafnarvarðar að Bakkavör 5, Kópavogi, er afar stórt fyrir einn starfsmann, en það hagar þannig til að þar er salerni staðsett fram við inngöngudyr inn í húsnæðið.

Þar er einfalt að skerma af það rými með skilvegg, þannig að þeir sem hafa lykil, samkvæmt samningi við hafnarvörð, að flotbryggjum hafnarinnar, hafi einnig aðgang þarna með sama lykli að salernisaðstöðu.

Þetta mál hefur verið rætt við hafnarvörð og hefur hann reyndar talið þetta einfalda lausn á þessum vanda, þar sem þetta myndi ekki trufla hans starfsemi.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Kvikan Siglingafélag,

Kópavogshöfn

